

Tillaga að ályktun um aukið námsmat

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 18. og 19. október 2024 á Laugarhóli í Bjarnafirði ályktar að námsmat skuli aukið í grunnskólum á þann hátt að það verði reglulegra og að settir verði sem fyrst, sameiginlegir mælikvarðar meðal grunnskóla á landsvísu um framvindu og árangur nemenda.

Flutningsmaður tillögu: Fyrir hönd Strandabyggðar, **Þorgeir Pálsson**

Greinargerð:

Menntunarstig á Vestfjörðum hefur batnað undanfarin ár m.a. með fjölgun háskólamenntaðra einstaklinga sem flytjast til Vestfjarða. Það er mikilvægt að undirstrika mikilvægi menntunar fyrir fjórðunginn og þá sem fjölbreyttasta menntun, en einnig að horfa til þess hvar helstu vaxtarbroddarnir eru. Ferðaþjónusta og fiskeldi eru í dag augljósir vaxtarbroddar, en horfa verður engu að síður til nýsköpunar í öðrum atvinnugreinum. Með aukinni raforkuframleiðslu í fjórðungnum, má án efa sækja inn í orkufrekar atvinnugreinar, jafnvel til fyrirtækja utan landsteinanna. Einnig þarf að horfa á þau vaxtartækifæri sem gætu leynst í stoðgreinum núverandi atvinnugreina, eins og t.d. eftirlitsþáttinn hvað fiskeldi varðar, en þar gætu einkafyrirtæki hugsanlega leyst fiskeldisfyrirtækin sjálf og eftirlitsstofnanir af hólmi.